

Fundur 10

Skólaráð Þjósárskóla

Fundur haldinn þriðjudaginn 24.apríl 2012 í Þjósárskóla kl. 16:30.

Mættir eru: Bolette Höeg Koch skólastjóri , Árdís Jónsdóttir og Emilía Jónsdóttir fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Birkir Þrastarson fulltrúi foreldra, Leifur Stefánsson fulltrúi grenndarsamfélagsins , Ann Winter boðaði forföll. Fulltrúar nemenda gátu ekki mætt en búið var að bera dagskrána undir þá, þeir samþykktu hana.

1. Drög að skóladagatali 2012-2013:
Farið yfir skóladagatalið, skólastjóri útskýrði dagatalið fyrir þeim sem ekki hafa séð það. Fólk velti upp ýmsum möguleikum með vetrarfrí en skóladagatalið var samþykkt óbreytt.
2. Skólaþing:
Bolette hefur verið tilkynnt að niðurstöður skólaþings væru tilbúnar og verða kynntar skólanefnd og stýrihópi skólaþingsins 8. maí n.k. Þingið sjálft rætt lítillega.
Nokkrar umræður urðu um áhöld í smíðastofu en skólastjóri telur þörf á nokkurri endurnýjun tækja.
3. Önnur mál:
Emilía sagði frá heilsuefandi skóla. Hún minnti á að í haust hefðum við lagt áherslu á geðrækt og það hefði gengið vel. Á morgun verður sérstök dagskrá vegna þessa verkefni. Þar verður fjallað um tannheilsu og fæðuhring.
Leifur spurði hvort Olweus eineltisáætlun væri í gangi í skólanum. Skólastjóri svaraði því.
Ofurlítið rætt um einelti í framhaldi af því, nefnt að feisbókin sé hættuleg í því sambandi og erfitt að eiga við það en skólinn getur ekki stöðvað það. Emilía sagði að skólinn gæti hjápað foreldrum með því að ræða við börnin um netnotkun.

Emilía Jónsdóttir

Birkir Þrastarson

Árdís Jónsdóttir

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir

Leifur Stefánsson